

7. Reglugerð um útilífs- og undanfaraflokk

- 7.1 Útilífs- og undanfaraflokkur skal starfa innan Súlna, björgunarsveitarinnar á Akureyri.
- 7.2 Innan flokksins skal vera sérstakur undanfarahópur. Öllum félögum sveitarinnar er heimilt að starfa með útilífs- og undanfaraflokk, en aðeins félagar sem sérstaklega hafa verið samþykktir af stjórn skulu vera í undanfarahópnum.
- 7.3 Formaður útilífs- og undanfaraflokks er einnig í forsvari fyrir undanfarahópinn, en þarf þó ekki að vera starfandi undanfari.
- 7.4 Útilífs- og undanfaraflokkur hefur umsjón með fjallabjörgunar- og klifurbúnaði sveitarinnar og ber ábyrgð á því að hann sé ávallt til reiðu.
- 7.5 Útilífs- og undanfaraflokkur sér um að vel sé gengið um fjallabjörgunar- og klifurbúnað og um aðstöðu flokksins.
- 7.6 Flokkurinn skal halda skrá um búnað í umsjón flokksins og notkun hans.
- 7.7 Formaður útilífs- og undanfaraflokks skal sjá til þess að búnaðurinn sé ekki notaður til einkanota.
- 7.8 Skilja skal eftir orðsendingu þegar farið er í ferðir og æfingar og skrá niður þann búnað sem farið er með.
- 7.9 Félagar í útilífs- og undanfaraflokk skulu viðhalda kunnáttu sinni í fjallamennsku og fjallabjörgun með reglulegum ferðum, æfingum og námskeiðum.

Undanfarar:

- 7.10 Allir undanfarar skulu hafa skáp í húsnæði sveitarinnar. Þar skal allur útbúnaður vera tiltækur, þar á meðal matur til eins sólarhrings.
- 7.11 Undanfarar skulu starfa eftir stefnumörkun, sem hópurinn í samráði við stjórn sveitarinnar uppfærir eftir þörfum. Í stefnumörkuninni skal fjalla um grunnkröfur til félaga í undanfarahóp og uppbyggingu hópsins. Einnig menntunar- og sérhæfingarstefnu félaga og hópsins sjálfs. Stefnumörkunin skal fylgja þessari reglugerð.
- 7.12 Verðandi undanfarar skulu starfa með undanförum á æfingum og mæta á fræðslukvöld auk þess að sækja þau námskeið sem formaður útilífs- og undanfaraflokks telur nauðsynlegt áður en þeir sækja um að ganga í undanfarahópinn.
- 7.13 Formaður útilífs- og undanfaraflokks skal ásamt stjórn Súlna taka afstöðu til umsókna þeirra sem sækja um að ganga í undanfarahópinn. Allir undanfarar Súlna skulu fullnægja kröfum Slysavarnarfélagssins Landsbjargar um undanfara og kröfum sem settar eru í stefnumörkun.

Viðauki við Reglugerð um útilífs- og undanfaraflokk

Stefnumörkun fyrir Undanfarahóp Súlna

Inngangur

Stefnumörkun þessari er ætlað að marka umgjörð um starf og starfsemi Undanfarahóps Súlna. Stefnumörkuninni er ætlað að skilgreina kröfur til þeirra er starfa með floknum með tilliti til reynslu, hæfni, menntunar og þekkingar auk þess að greina frá markmiðum flokksins er varðar fjölda þeirra félaga er að öllu jöfnu starfa með floknum og er tiltækir til útkalla. Tilgreind eru þau svið menntunar sem félagar Undanfarahópsins skulu afla sér og byggja reynslu sína á. Uppbyggingu Undanfarahópsins eru gerð skil sem og eftirfylgni með starfsemi hans.

Sérhæfing

Stefnt skal að sérhæfingu Undanfarahóps Súlna á sviði flóknari fjallabjörgunar- og snjóflóðaverkefna.

Hér er t.d. átt við flókin sprungubjörgunarverkefni sem krefjast sérhæfðra lausna og flókinna snjóflóðavettvanga, t.d. rústabjörgunartengdra.

Uppbygging

Uppbygging Undanfarahóps Súlna verði á þann hátt að hópurinn skipi sér einn forsvarsmann til ákveðins tíma. Sá hinn sami verður helsti tengiliður hópsins gagnvart stjórn og samstarfsaðilum. Undanfarahópurinn skal skipa í fagráð sem hefur umsjón með eftirfylgni gagnvart stefnumörkun og sér um að upplýsa stjórn um mál þar að lútandi.

Þá skal hópurinn leitast við að dreifa ábyrgð milli félaga til að liðka fyrir starfsemi hópsins, t.d. varðandi umsjón og kaup á búnaði, æfingar þjálfun og menntun. Þá skal unnið markvisst að því að persónulegur útkallsbúnaður verði til taks í skápum félaga.

Þeir sem starfa með Undanfarahóp Súlna skulu vera undanfarar sem standast kröfur eða undanrennur sem vinna markvisst í því að verða undanfarar og hafa til þess nægjanlega reynslu, þekkingu og hæfni.

Stefnt skal að því að Undanfarahópur Súlna hafi að jafnaði innan sinna raða 20 félaga sem standast þær kröfur til þeirra eru gerðar.

Reynsla, menntun, þekking og hæfni

Grunnkröfur

Til að geta starfað sem undanfari í Undanfarahóp Súlna skal viðkomandi hafa lokið Fagnámskeiði í Fjallamennsku skv. viðmiðunarreglum Landsstjórnar. Aukinheldur er lagt til að stjórn Súlna geri þær lágmarkskröfur til undanfara að þeir hafi lokið Fagnámskeiði í Fyrstu hjálp eða sambærilegt og að félagi hafi starfað sem undanrenna með Undanfarahópi Súlna meðan hann aflar sér tilskilinnar menntunar og reynslu. Þá skal gerð sú krafa að félagi hafi metnað og vilja til að auka menntun sína og reynslu í samræmi við þarfir Undanfarahópsins auk þess að sýna áhuga í verki með virkri þátttöku í æfingum og námskeiðum.

Viðbótarkröfur

Til að viðhalda og auka getu Undanfarahópsins skal unnið markvisst að því auka reynslu og menntun á etirfarandi sviðum:

Fjallamennsku

Fjallabjörgun

Fyrstu hjálp

Snjóflóðum

Leitartækni

Straumvatnsbjörgun

Slöngubátanotkun

Rústabjörgun

Hópstjórnun

Vettvangsstjórnun

Markmið hópsins eru að hafa innan sinna raða sem flesta fagmenntaða og/eða leiðbeinendur á þessum sviðum.

Eftirfylgni

Stefnt skal að skipun fagráðs Undanfarahóps sem hefur umsjón með því að stefnumörkun sé fylgt eftir. Fagráð skal upplýsa stjórn í lok hvers starfsárs, fyrir hvern aðalfund, um framgang stefnumörkunarinnar og þannig fylgja henni eftir.

Akureyri 11. mars 2012

Fyrir hönd Undanfarahóps Súlna

Anton Berg Carrasco

Gunnar Agnar Vilhjálmsson

Leonard Birgisson

1. útgáfa – 11.mars 2012